

Baldur Kristjánsson

Efni

- [Forsíða](#)
- [Gestabók](#)
- [RSS](#)





Baldur Kristjánsson

Höfundur

Baldur Kristjánsson



er frjálslýndur jafnaðarmaður! Netfang bk@baldur.is . S. 8980971. Undirritaður áskilur sér rétt til að eyða athugasemdum sem bæta engu við efnið eða fela í sér skítkast. Aðeins kurteislegar athugasemdir fá að standa.

Nýjustu færslur

- [Bandarískt heilbrigðiskerfi og það íslenska!](#)
- [ESB - kjör almennings munu batna !](#)
- [Alþjóðahús -gott konsept !](#)
- [„Racial profiling“ í Leifstöð?](#)
- [Erun skuldsettir auðmenn að kaupa upp íslenskar bújarðir?](#)

Færsluflokkar

- [Landsbankadeildin](#)
- [Stjórnmal og samfélag](#)

Nóv. 2009

S M Þ M F F L
1 [2](#) [3](#) [4](#) 5 6 [7](#)
[8](#) 9 10 11 12 13 14
15 16 17 18 19 20 21
22 23 24 25 26 27 28
29 30

[Fyrri](#)

[Næsti](#)

Tenglar

Mínir tenglar

- [Fenska heimasiðan mín](#)
- [Portlákaskirkja](#)
- [Strandarkirkja](#)
- [ECRI](#)

Góðir

- [Björgvin Valur](#)
- [Baldur McQueen](#)

Fjölmiðlar

- [Ríki Vatnajökuls](#)
- [Bæjarlíf](#)

ESB - kjör almennings munu batna !

8.11.2009 | 10:36

Það ert nokkuð víst að lífskjör almennings á Íslandi munu batna við inngöngu í ESB. Það er nokkuð víst að réttindi launafólks verði betur tryggð. Sama má segja um réttindi neytenda. Hagur Íslenskunnar mun vænkast. Íslenskan verður mál meðal mála. Menningarlíf mun dafna. Kvaðir um mannréttindi verða á okkur lagðar. Ekkert bendir til annars en að innganga í ESB verði góð fyrir vöxt og viðgang dreifbýlis. Landbúnaður fær margvíslega vernd. Það er nokkuð víst að hagur okkar við það að verða sjálfstæð þjóð meðal sjálfstæðra þjóða í ESB mun vænkast á nær sviðum og örugglega þegar á heildina er lítið. Það er helst að sérhagsmunir hvers konar verði undan að láta.

Flokkur: [Stjórnmal og samfélag](#) | [Facebook](#)« [Síðasta færsla](#) | [Næsta færsla](#) »

Athugasemdir

Þú ert að vakta athugasemdir við þessa færslu. [Hætta að vakta](#)

Lífskjör almennings munu batna við inngöngu í ESB. Já ef aukið atvinnuleysi eru betri lífskjör þá er þetta sennilega rétt.

[Ragnar Gunnlaugsson](#), 8.11.2009 kl. 11:23

Það er gamall þjóðlegur síður að yrkja ófugmælavísur. Á sextánda orti Bjarni Borgfirðingur:

*"Séð hef ég köttinn renna og róa
rikling smíða fley,
á stalli álinn, kríu og kjóa,
og hvalinn eta hey."*

og ennfremur:

*"Séð hef ég hvalinn sitja á stól,
selinn strokka og renna,
skötuna ganga á grænum kjól,
gráan hest með penna."*

Þér tekst bærilega að búa til fjarstæðukennda þulu.

En það vantar allt rím, stuðla og höfuðstafi

[Sigurður Þórðarson](#), 8.11.2009 kl. 11:33

*Séð hef ég páska setta um jól,
sveinbarn fætt í elli,
myrkur bjart, en svarta sól,
sund á hörðum velli."*

[Sigurður Þórðarson](#), 8.11.2009 kl. 11:49

Þú ert ágætur! BKv. baldur

[Baldur Kristjánsson](#), 8.11.2009 kl. 11:57

Ég held að jafnvel hatrömmustu ESB-andstæðingar hljóti að beygja sig fyrir þessum rökfasta og sannfærandi pistli. Í honum kristallast málf lutningur ESB-sinna og "allir hljóta að sjá" að "það er nokkuð víst" að hér verður allt eins og blómstríð eina við inngöngu í ESB.

[Sigurður E. Vilhelmsson](#), 8.11.2009 kl. 12:19

Þessi upptalning er meir eins og trúaróður en einhver sannleikur. Dæmigerð fyrir þá sem reyna að selja fólki gallaða vöru með fagurgala.

[DanTh](#), 8.11.2009 kl. 13:28

Hvernig færðu það út að innganga í ESB auki atvinnuleysi Ragnar? Þú veist að það er ekki eitt atvinnuleysi í ESB og annað hjá öðrum þjóðum? Þú veist að í sumum ESB-ríkjum er meira atvinnuleysi en á Íslandi og í sumum minna?

[Páll Geir Bjarnason](#), 8.11.2009 kl. 13:46

Flestir sem hér gera athugasemdir eru búnir að tjúna sig upp í einhverja eurofóbiu. Jákvæðu hliðarnar við inngöngu í ESB eru yfirgnæfandi. Í raun og veru er ekkert val. ESB er það samskiptaform ríkja í okkar heimshluta sem hefur orðið ofaná. Bestu kveðjur. b.

[Baldur Kristjánsson](#), 8.11.2009 kl. 14:35

Allt rétt í þessum pistli og engu þar við að auka eða til annars vegar færa.

[Ómar Bjarki Kristjánsson](#), 8.11.2009 kl. 15:09

Heill og sæll; Síra Baldur - líka sem og þið aðrir, hér á síðu !

Villur vegar; ferð þú, klerkur góður, með þær ályktanir, að Ísland yrði sjálfstætt ríki, meðal annarra sjálfstæðra, í ESB mynstrinu.

Eða; gerðu Úkraína, eða þá Hvíta- Rússland samninga, á eigin forsendum, við önnur ríki, án afskipta Kommúnista stjórnarinnar, í Moskvu, á tíma Sovétríkjanna, til dæmis ?

Þú veizt; mun betur en svo, klerkur góður, að þrátt fyrir hrakföll þau, sem Íslendingar hafa þurft að þola, undanfarin misseri, þýðir ekki, að bera hvaða þvælu sem er, á borð fyrir fólk.

Það eru ekki allir; samlandar okkar svo treggáfaðir, þó sumir þeirra séu það, Síra Baldur.

Fleirri hnökra mætti týna til; í þinni aumlegu málafylgju, til hvatningar þinnar, um skilyrðilausa undirgefni Íslendinga, við hið gamla og rotna nýlenduvelda bandalag, suður á hinum litla Evrópuskaga, klerkur sæll.

Minni þig á; sem annarra, af þínum með undirgefni og auðsveipninnar, til Bretlands og meginlands Evrópu - að Íslendingar eiga margra og hagkvæmra kostna, í öðrum heimshlutum, svo ekki væri nefnt, nema auðlegð okkar, í fersku lindarvatninu - sem mörgu öðru.

Þetta víta ESB stjórnarnir, suður í Brussel, og er þeim kappsmál mikið, að hremma auðlegð okkar - á landi, sem til sjávar, klerkur minn.

Því dapurlegri; er stuðningur sumra; innlendra, hér á Fróni, við þessa græðginnar púka, suður þar, Síra Baldur.

Með sæmilegum kveðjum; úr Hveragerðis og Kotstrandar sóknum /

Óskar Helgi Helgason

[Óskar Helgi Helgason](#), 8.11.2009 kl. 15:34

Muahahaa, þetta er hreint stórkostlegt!! Ertu drukinn séra Baldur?

Kveðjur

[Gunnar Rögnvaldsson](#), 8.11.2009 kl. 17:14

Sæll ágæti Baldur,

þú ert aldeilis spaugsamur að kasta fram öllum þessum afkáralegu fullyrðum um kosti Evrópusambandsaðildar Íslands. Hrekkjalómar gera þetta stundum, tala þvert um hug sér og komast í heitar umræður. Það er líka léttleiki yfir því að sjúkdómsgreina þá sem sjá ekki við þér og segja þá með "eurofóbiu"



Það alvarlega í málinu er þó að einmitt svona saklaust grín gæti haft áhrif og vakið tálvonir, eftir að lífskjör versna mikið á næsta ári og einhverjir fyllast örvinglan. Það er aldrei fallett að skrökva að fólk við slíkar aðstæður.

[Sigurður Þórðarson](#), 8.11.2009 kl. 17:14

Gunnar, þú verður að viðurkenna að pistillinn er skemmtilegur.

Það bætir skapið að fá sér tár af messuvíni.

[Sigurður Þórðarson](#), 8.11.2009 kl. 17:18

Já Sigurður, ég er ennþá að hlægja. Konan mín sat í sófanum og var að þrjóna lopapeysu, henni varð smávegis á í messunni. Þurfti að rekja upp. Ég sagði henni að þetta myndi ganga betur ef hún væri í Evrópusambandinu. "Já en ég er í Evrópusambandinu" sagði hún.

Já það er víst rétt sagði ég og fékk mér meira kaffi.

Áttu nokkuð meira kaffi Baldur?

[Gunnar Rögnvaldsson](#), 8.11.2009 kl. 17:34

Nýjustu myndir



•



•



•



•



•




•



•



•



•



•

Af mbl.is

Innlent

- [Skyttur tekur á Þingvöllum](#)
- [Dýrin að mestu hætt að drepast](#)
- [Féll af hestbaki](#)
- [Framboðsfrestur rennur út í lok vikunnar](#)
- [Tveir Íslendingar enn með](#)

Erlent

- [Fjórutíu fórust í flóðum](#)
- [Finnar fá ekki æðstu embættin](#)
- [Daninn við góða heilsu](#)
- [Mest fór til velferðarmála](#)
- [Putin saknar Austur-Þýskalands](#)

Fólk

- [Rihanna opnar sig um árásina](#)
- [Bónorð réttlæti ekki kynlíf](#)
- [Komst undan með 11 milljónir evrur í seðlum](#)
- [Britney Spears „mæmar“ í Ástralíu](#)
- [Dagur Kári leitar að framleiðslufjármagni](#)

Íþróttir

- [Haukar á toppinn eftir sigur í Hafnarfjarðarslag](#)
- [Chelsea - Manchester United, staðan er 0:0](#)
- [Mikilvægur sigur Everton á Upton Park](#)
- [Fram upp í þriðja sætið](#)
- [Hesselink tryggði Hull sigur](#)

Viðskipti

- [Bórnin taki við af Murdoch](#)
- [Reyna að endurheimta féð](#)
- [Sprottafrumvarp væntanlegt](#)
- [Uppfyllir skilyrði FME](#)
- [Óháðir sérfræðingar skoða tilvist skuldabréfa Glitnis](#)

Verndað af höfundarrétti. Öll réttindi áskilin. Í Pema byggt á [Cutline](#) eftir Chris Pearson